

## **Persónuverndarstefna Grafíu-stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum. (Grafía) (félagið)**

Við hjá Grafíu erum stolt af þeirri þjónustu sem við veitum og því trausti sem okkar félagsmenn bera til félagsins. Okkur er ljóst að til að viðhalda þessu trausti og tryggja fagmennsku í okkar starfi verðum við að tryggja persónuvernd okkar félagsmanna. Í þessari persónuverndarstefnu eru útskýrðar starfsvenjur okkar hvað varðar þær persónuupplýsingar sem við tökum við, vinnum með og eyðum.

### **Söfnun og notkun persónuupplýsinga.**

- Grafía vinnur með persónuupplýsingar félagsmanna sinna og vistar þær í upplýsingakerfum sínum.
- Grafía leggur ríka áherslu á að tryggja öryggi persónuupplýsinga félagsmanna sinna.
- Grafía sér til þess að farið sé með allar persónuupplýsingar í samræmi við lög, reglugerðir og reglur um persónuvernd.
- Grafía vinnur einungis með þær persónuupplýsingar sem þarf til að geta veitt þá þjónustu sem sambandinu ber að veita félagsmönnum sínum.
- Grafía ábyrgist að nýta sér ekki upplýsingar um félagsmenn á annan hátt en lög og reglur kveða á um.
- Allar upplýsingar sem félagsmenn Grafíu láta félaginu í té eða sem Grafía sækir með þeirra leyfi til þriðja aðila eru eingöngu sóttar í þeim tilgangi að hægt sé að veita félagsmönnum þá þjónustu sem þeir eiga rétt á.
- Allir starfsmenn Grafíu skuldbinda sig svo langt sem lög og dómstólar leyfa til að gæta þagnarskyldu um hvaðeina er varðar félagsmenn Grafíu.
- Persónuupplýsingar félagsmanna Grafíu eru einungis aðgengilegar þeim starfsmönnum Grafíu sem starfa sinna vegna þurfa að hafa aðgang að þeim.
- Þagnarskylda starfsmanna Grafíu helst eftir að starfssambandi líkur.
- Grafía notar persónuupplýsingar eingöngu í þeim tilgangi sem þeirra var aflað.

### **Persónuupplýsingar veittar þriðja aðila.**

- Grafía áskilur sér rétt til að deila persónuupplýsingum með þriðja aðila að því marki sem þarf til að geta sinnt félagsmönnum og uppfylla skyldur sambandsins.
- Grafía mun ekki samþykkja að deila persónuupplýsingum með þriðja aðila nema sambandinu sé það skylt samkvæmt lögum, skv. dómi eða að beiðni félagsmanns.

### **Eyðing persónuupplýsinga.**

- Persónuupplýsingum verður eytt með tryggum hætti, biðji félagsmaður um það og lög og reglur standi því ekki í vegi.
- Persónuupplýsingar í bókhaldsgögnum eru varðveidd í 7 ár.
- Viðkvæmum persónuupplýsingum er eytt um leið og þeirra er ekki lengur þörf.

### **Þjónustuaðilar (Vinnsluaðilar)**

- Grafía notast við trausta samstarfsaðila sem sjá um vinnslu á persónuupplýsingum, vistun og eyðingu. Grafía deilir persónuupplýsingum með þeim eins og nauðsyn krefur og heimildir félagsmanna leyfa.
- Grafía hefur skipulagt vörslu sína og vinnslu á persónuupplýsingum hjá vinnsluaðilum þannig að þau séu varin með tryggum hætti.

### **Aðgangur að persónuverndarupplýsingum og eyðing.**

- Félagsmenn Grafíu geta óskað eftir aðgangi að persónuupplýsingum sínum og mun Grafía veita aðgang að þeim upplýsingum.
- Félagsmenn geta farið þess á leit við Grafíu að persónuupplýsingum um þá verði eytt. Standi lög eða reglur því ekki í vegi, verður upplýsingunum eytt með tryggum hætti.

### **Öryggisráðstafanir.**

- Grafía beitir ýmsum aðferðum til að koma í veg fyrir að persónuupplýsingar komist í hendur óviðkomandi aðila.
- Grafía mun tilkynna viðkomandi um öryggisbrest líkt og lög kveða á um, ef í ljós kemur að persónuupplýsingar hafi borist til óviðkomandi aðila.

### **Persónuverndarfulltrúi.**

- Grafía hefur ráðið, Ólaf Karl Eyjólfsson, lögmann, sem persónuverndarfulltrúa Grafíu.
- Félagsmenn Grafíu geta sent erindi á Ólaf Karl Eyjólfsson, ef þeir telja að persónuupplýsingum um þá hafi ekki verið safnað, unnið eða eytt með réttum hætti.
- Hægt er að senda erindi á [olafurkarl@oklogmenn.is](mailto:olafurkarl@oklogmenn.is).

### **Breytingar á persónuverndarstefnu.**

- Grafía mun breyta persónuverndarstefnu sinni ef þörf reynist. Gildistími hvernar útgáfu er sá tími sem hún stendur á vefsíðu Grafíu, grafia.is.

### **Gildistími.**

- Persónuverndarstefna þessi gildir frá 25. maí 2018.